



340. Stjórnarfundur haldinn 19. okt. 2009 kl:17:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá Velferðasjóði barna v/ styrks til íþrótt- og leikjanámskeiðs 2009.

3. Send bréf.

Styrkumsókn til Menningarráðs Suðurnesja, Sparisjóðsins í Keflavík,

Landsbankans, Íslandsbanka og Kaupþings v/ ritun á 80 ára sögu Keflavíkur.

Styrkumsókn til menningarráðs Reykjanesbæjar, Sparisjóðsins í Keflavík, Landsbankans, Íslandsbanka, Kaupþings og verkefnasjóð UMFÍ v/ uppsetningu á sögusýningu.

4. Jólblað 2009.

Umræður um útgáfu blaðsins og stærð þess. Stjórnarmenn sammála því að gefa út blaðið, þrátt fyrir erfiðar efnahagsaðstæður. Stærð blaðsins verði 20 síður og í sömu stærð og verið hefur. Framkvæmdastjóra falið málið. Ákveðið með opnuviðtal. (nafn viðkomandi ekki skráð hér).

5. Sögusýning og útgáfa á 80 ára sögu Keflavíkur

EH kynnti umsóknir um styrk annars vegar fyrir sögusýningu og hins vegar fyrir útgáfu bókarinnar. Ákveðið að framlengja sýninguna og hún verði opin á næsta laugardag og sunnudag frá kl. 14:00 – 18:00.

6. 46. sambandsþing UMFÍ.

46. sambandsþing UMFÍ var haldið hér í Reykjanesbæ 10 - 11. okt.

EH var þingforseti og KG var formaður kjörnefndar. EH var kjörinn í stjórn UMFÍ.

Á fyrsta stjórnarfundum UMFÍ var EH kjörinn inn í framkvæmdastjórn UMFÍ.

7. Önnur mál.

Stofnun sundráðs ÍRB. Leitað verður álit ÍSÍ vegna draga sem liggja fyrir frá sunddeild Keflavíkur.

Stuðningsmannakort í körfu. Samþykkt að kaupa kortin og framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.

EH sagði frá því að hann verður erlendis á vegum UMFÍ frá 21. – 25. okt. á vegum UMFÍ (PATHE-verkefnið).

BI spurði hver staðan væri á malarvellingum. EH sagði frá því að hann og BI hefði átt fund með formanni knattspyrnudeildar ásamt Rúnari Arnarssyni og farið yfir málið og látið þá vita að það væri vilja hjá aðalstjórn að malarvöllurinn yrði lagður grasi. EH





FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Óskaði eftir því við formann knattspyrnudeildar að hann tæki málið fyrir á stjórnarfundum knattspyrnudeildar og léti og svo aðalstjórn félagsins vit hver niðurstaðan væri. ÞMK kom inn á að gott væri að lista upp þau gögn sem væru til varðandi uppbyggingu á Hringbrautarsvæðinu.

Næsti 4.11. '09

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30
Fundinn ritaði SG

